

**Rangárþing ytra**  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

**Reykjavík, 16. september 2024**  
08.00

### **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna byggingar vindorkuvers við Vaðöldu**

Landsvirkjun óskar eftir að sveitarstjórn Rangárþings ytra gefi út framkvæmdaleyfi til handa fyrirtækinu fyrir efnistöku, allt að 50.000 m<sup>3</sup>, á efnistökuastað E70 við Tungnaá sem er á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Fyrirhuguð efnistaka er ætluð til framkvæmda við vindorkuver við Vaðöldu sem hefur gengið undir vinnuheitinu Búrfellslundur.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf., sbr. 1. gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983. Ríkissjóður á 99,9% eignarhlut í Landsvirkjun og Eignarhlutir ehf. 0,1%.


Heimili Landsvirkjunar og varnarþing er í Reykjavík. Fyrirtækið er sjálfstæður lög- og skattaðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

#### **1. Staðsetning**

Í greinargerð aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028 kemur fram að efnistökusvæðið er sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar, sjá mynd 1. Nánari afmörkun er sýnd á mynd 2.



Mynd 1 Hluti Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.



Mynd 2 Hluti efnistökusvæðis E70 við Tungnaá.

## 2. Framkvæmdarlýsing

Gert er ráð fyrir að taka allt að 50.000 m<sup>3</sup> af steypu- og fyllingarefni á Tungnaáreyrum ofan við Hald, haustið 2024 og fram á árið 2026 (efnistökusvæði E70 sem má sjá á mynd 1). Um er að ræða svæði á afrétt sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvislar. Gert er ráð fyrir að vinnsludýpi verði á bilinu 1,5-2,5 m og að efnistaka muni fara fram innan afmarkaðs 5 ha svæðis sem sýnt er á mynd 2.

Þar sem vinna þarf efni þarf að setja upp hörpunar- og mólunarsamstæðu. Það getur átt við öll efnisvinnslusvæðin. Búast má við að settur verði upp kaffiskúr fyrir 2-3 menn á svæðinu en við slíka efnisvinnslu starfa venjulega 2 menn. Gert er ráð fyrir að raforka fyrir efnisvinnslu verði framleidd með dísilstöð.

Landsvirkjun mun ganga eins vel frá svæðinu við E70 og kostur er og áhersla verður lögð á að frágangur verði þannig að komið verði í veg fyrir rof og uppblástur af svæðinu.

Gengið verður frá námum á snyrtilegan hátt þannig að ekki skapist hætta á námusvæðinu í framtíðinni og að það falli vel að umhverfinu.

Áhersla er á góða umgengi á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. Gert er ráð fyrir að efnistaka í fyllingar úr E70 verði ekki framhaldið þegar leyfis- og skipulagsmál við Langöldu verða klárud og svæðið þar tekið í notkun. Hins vegar er fyrirhugað að vinna steypuefni á Tungnaáreyrum fram á árið 2026.



### 3. Mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt aðalskipulagi Rangárpings ytra er mati á umhverfisáhrifum lokið fyrir allt að 50.000 m<sup>3</sup> efnistöku af fyllingar- og steypuefni.

### 4. Leyfismál

Sótt verður um eftirfarandi leyfi að auki fyrir efnistökkunni:

- *Starfsleyfi fyrir efnisnám og landmótun*  
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir efnisnám og landmótun sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- *Starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir*  
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024.

Óski Rangárþing ytra eftir frekari upplýsingum eða skýringum vinsamlega hafið samband við Sigurgeir Björn Geirsson, verkefnisstjóra (Sigurgeir.Bjorn.Geirsson@landsvirkjun.is).

Virðingarfyllst,

**Sigurgeir Björn Geirsson**

Verkefnisstjóri